

Úthlutunarreglur Orlofssjóðs LÍ

– Starfsreglur orlofsnefndar

1. grein

Um aðild og réttindi lækna að Orlofssjóði LÍ er fjallað í reglugerð sjóðsins.

2. grein

Úthlutun orlofshúsa og annarrar þjónustu Orlofssjóðs LÍ fer fram samkvæmt punktakerfi. Umsækjandi sem hefur flest stig fær úthlutað hverju sinni. Séu umsækjendur jafnir að stigum ræður lífaldur úthlutun.

3. grein

Félagar fá 12 punkta fyrir útskriftarárið og síðan 12 punkta á ári. Ekki eru veittir punktar eftir 70 ára aldri nema menn séu í fullu starfi og greiði í Orlofssjóð. Á því ári sem félagar ná 70 ára aldri fá þeir 70 punkta. Eftirlifandi maki nýtur þeirra réttinda í sjóðnum sem makinn átti á meðan punktaineign endist.

Á árinu 2003 fá allir sjóðfélagar sem þegar hafa náð 70 ára aldri 70 punkta.

4. grein

Frádráttur fyrir hverja sumar- og páskaúthlutun er 36 punktar (3 ár) vegna sumarmála sjóðsins, vegna tjaldvagna og fellihýsa 24 punktar (2 ár) og vegna annarra orlofskosta á vegum sjóðsins samkvæmt sérstakri ákvörðun þar um hverju sinni. Þegar kostur gefst á úthlutun eftir að sumar- og páskaúthlutun fer fram dragast frá 24 punktar. Ekki er frádráttur vegna vetrarúthlutunar.

5. grein

Úthlutun sumarmála sjóðsins yfir sumarið, leiga húsa yfir veturinn og aðrir þeir kostir sem sjóðurinn semur um skal vera í þágu sjóðfélaga einna og semja þeir um þá í eigin nafni við sjóðinn. Sjóðsfélögum er óheimilt að lána öðrum eða framleigja húsin eða aðra þjónustukosti sjóðsins, sem þeir hafa fengið með samningi við sjóðinn.

Samþykkt af orlofsnefnd í samráði við stjórn Læknafélags Íslands í janúar 2002 og janúar 2003.

Formannaráðstefna Læknafélags Íslands

Boðað er til formannafundar skv. 9. grein laga Læknafélags Íslands föstudaginn 11. apríl í húsnæði læknasamtakanna að Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Dagskrá:

- 10:00-12:30 Skýrsla formanns LÍ um afgreiðslu ályktana aðalfundar 2002, störf stjórnar og stöðu helstu mála. Skýrslur formanna aðildarféлага, samninganefnda og helstu starfsnefnda eftir atvikum.
- 12:30-13:30 Matarhlé
- 13:30-15:00 Skýrslur helstu starfsnefnda
Umræður
- 15:00-15:30 Kaffihlé
- 15:30-17:00 Áframhald umræðna
Önnur mál

Fundarlok verða á heimili formanns að Hæðarseli 28, Reykjavík.